



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

Fundargerð.

31. fundur Ungmennaráðs Grímsnes- og Grafningshrepps var haldinn í Félagsheimilinu Borg, Miðvikudaginn 5.3 . 25 kl. 19.15 e.h.

Fundinn sátu:

Hrafnhildur Sigurðardóttir

Karólína Waagfjörð

Stormur Leó Guðmundsson

Kjartan Guðjónsson

Ingibjörg Elka Þrastardóttir

Sigurður Thomsen

Benóný Þorsteinn Rögnvaldsson

Ísold Assa Guðmundsdóttir kom sem gestur

Fjarverandi var: Matthías Fossberg Matthíasson og Ísold Assa kom í hans stað

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Óttar Guðlaugsson

1. Mál – Fundargerð síðasta fundar yfirfarin

Fundargerð síðasta fundar nefndarinnar, dags. 12. feb. 25, lögð fram til yfirferðar. Fundargerðin var yfirfarin og samþykkt samhljóða

2. Mál. – Heimsókn frá Guðmundu Bergsdóttur.

Bókun: Í tilefni heimsóknar Guðmundu Bergsdóttur, forstöðumanni félagsmiðstöðvar og unmenrráðs Árborgar, var ákveðið að leggja fundadagskrá til hliðar og taka upp á næsta fundi. Guðmunda hélt flottan fyrirlestur fyrir okkur og fór með ungmennaráðið í smá hópavinnu og umræður.

Farið var í hugmyndavinnu varðandi umræður í tengslum við ungmennaráðið. Gefin voru þrír flokkar, Viðburðir til að halda á vegum ungmennaráðsins , Rekstur og umhverfið í sveitarfélaginu fyrir ungmenni. Þetta voru hugmyndirnar sem komu frá ungmennaráðinu:

Viðburðir:

- Bingó
- Spilakvöld
- Eggjaleit
- Eggjaskreytingar
- Skiptimarkaður
- Fjölskyldusurningarkeppni
- Tónleikar
- Ball



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

- Ratleikur
- Málingarkvöld
- Námskeið um ungmenni um fjármál
- Kraftlyftingar keppni

Rekstur:

- Safnskóli fyrir elsta stig í uppsveitum
- Sund opið á föstudögum
- Körfuboltakarfa í sundlaugina
- Meira tómstundarstarf fyrir unglinga
- Hiti á fótbolta (laga)
- Lítið félagsheimili/félagsmiðstöð/ungmennahús 10-20manns
- Innihaldslýsingar fyrir skólamat
- Sameina sveitarfélög í uppsveitum í íþróttum og fleiri viðburðum

Umhverfi:

- Fleiri leiktæki fyrir krakkanna
- Net í kringum fótboltavöllinn
- Fleiri ruslatunnur á ljósastaurum á Borg
- Grænna umhverfi, meiri gróður í umhverfinu og hlutir séu umhverfisvænni
- Hiti á fótboltavöll
- Nýja hverfið, Aesthetic, ekki grátt og ljótt.

Út frá þessu var ákveðið að taka fyrir rekstur og viðburði og skipt var í 2 hópa sem fóru nánar yfir hugmyndirnar og hversu framkvæmanlegar þær eru fyrir hópinn.

Hópur 1 var með Umhverfi og fóru yfir hverja hugmynd um hvað þyrfti að gera til að koma þessu að veruleika.

- Fleiri leiktæki fyrir krakkanna – þarf að brainstorma og svo plana vel.
- Net í kringum fótboltavöllinn – mikilvægt að koma þessu á framfæri og hægt að senda tölvupóst á sveitarfélagið.
- Fleiri ruslatunnur á ljósastaurum á Borg – skrifa tölvupóst og setja svo í ferli
- Grænna umhverfi, meiri gróður í umhverfinu og hlutir séu umhverfisvænni – brainstorma
- Hiti á fótboltavöll – senda tölvupóst og fá svör
- Nýja hverfið, Aesthetic, ekki grátt og ljótt. Brainstorma hvernig hægt væri að hafa áhrif



Ungmennaráð Grímsnes- og Grafningshrepps

Hópur 2 var með rekstur

Skipt var í verkefnin sem væru einföld og þau sem voru lengri tíma

Einföld:

- *Körfuboltakarfa í sundlaugina – Heyra í yfirmanni og spyrjast fyrir*
- *Innihaldslýsingar fyrir skólamat – tala við skólastjórnendur*
- *Sund opið á föstudögum – senda fyrirspurn*

Lengri tíma:

- *Meira tómstundastarf fyrir unglunga – skoða með Bláskógarbyggð og GOGG*
- *Fleiri sameiginlegar æfingar – skoða með Bláskógarbyggð og GOGG*
- *Betra Félagsheimili/ungmennahús f. Félagsheimili og leigja út fyrir almenningi – tala við sveitarstjórn*
- *Sameina unglingastig uppsveita: Búa til áætlun og tala við sveitarstjórn.*

Ákveðið var að biðja með viðburðina þangað til á næsta fundi. Guðmunda hvatti okkur til að skoða síðan þessar hugmyndir aftur og velja síðan eitthvað eitt verkefni til að byrja vinna að. Ekki gera allt í einu heldur lítil skref. Hún áminnti að svona verk taka alltaf tíma og ungmennaráðið er alltaf að sá fræjum til að koma hugmyndum á framfæri.

Ungmennaráðið þakkar Guðmundu fyrir heimsókninna.

3. Mál. – önnur mál

Samfélagsmiðlar fyrir ungmennaráðið og tillaga lögð með unggogg – Allir sammála

Farið yfir nýtingu með samfélagsmiðlanna. Lagt er til að einn aðili verði umsjónarmaður sjái um og komið með tillögur við því sem á að deila samfélagsmiðlunum.

Umræður teknar um hönnun logo á samfélagsmiðli og samþykkt að taka upp á næsta fundi

Áminnt var með að halda góðum fundarhöldum og sýna ábyrgð í þeim umræðum sem teknar eru fyrir í hópnum. Við viljum vera virk í hópnum.

Ekki fleira var tekið fyrir á fundinum og fundi slitið kl 20:50